



Alþingi Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 10. mars 2013
Tilvísun: 201303-0010

Efni: Umsögn ASÍ um frumvarp til laga um heimild til samninga um kísilver í landi Bakka, 632. mál og frumvarp til laga um heimild til handa ráðherra, f.h. ríkissjóðs, til að fjármagna uppbyggingu innviða vegna atvinnustarfsemi í landi Bakka í Norðurþingi, 633. mál.

ASÍ leggur áherslu á mikilvægi þess að auka fjárfestingar til þess að efla hagvöxt og fjölga störfum. Þessar áherslur hafa ítrekað verið ræddar m.a. við gerð kjarasamninga. Í yfirlýsingu sem ríkisstjórnin gaf út 5. maí 2010 í tengslum við undirritun kjarasamninga segir m.a.: „Við blasir að fjárfesting hefur verið of lítil á undanförunum árum og aðgerðir til að örva hagvöxt og skapa störf hljóta að beinast að því að auka arðbæra fjárfestingu hér á landi. Á síðasta ári var fjárfesting undir 200 milljörðum króna eða 13% af landsframleiðslu og hefur þetta hlutfall aldrei verið lægra. Það er markmið stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins að þetta hlutfall fari stighækkandi og verði ekki lægra en 20% í lok samningstímans en það jafngildir því að fjárfesting verði ekki lægri en 350 ma.kr. á ári.“ ASÍ styður því að ráðist verði í byggingu kísilvers í landi Bakka.

ASÍ gerir þó eftirfarandi athugasemdir við málið:

1. ASÍ telur eðlilegt að nýta þær heimildir sem felast í lögum nr. 99/2010 um ívilnanir vegna nýfjárfestinga á Íslandi í stað þess að gera sértækan fjárfestingarsamninga á grundvelli sérstakra heimildarlaga frá Alþingi. Gert var ráð fyrir að að slíkt ferli yrði aflagt með lögum nr. 99/2010 eða eins og sagði í athugasemdum með frumvarp til laga um ívilnanir vegna nýfjárfestinga á Íslandi. „Með frumvarpinu er lagt til að horfið verði frá því fyrirkomulagi sem tíðkast hefur að gera sértæka fjárfestingarsamninga vegna einstakra verkefna á grundvelli sérstakra heimildarlaga frá Alþingi og samþykkis Eftirlitsstofnunar EFTA eftir því sem þörf hefur verið metin á í hvert skipti. Hefur það fyrirkomulag reynst þungt í vöfum, ómarkvisst og ekki boðið upp á nægjanlegan sveigjanleika til að mæta ólíkum fjárfestingarverkefnum. Í stað þessa fyrirkomulags er, með þeirri rammalöggjöf sem hér er mælt fyrir um, lagt til að fyrir fram liggi fyrir



hvaða ívilnandi kjör bjóðast vegna nýfjárfestinga hér á landi og þannig með gegnsæjum og markvissum hætti reynt að auka möguleika á því að fá til landsins fjölbreytta og jákvæða nýfjárfestingu."

2. ASÍ leggst gegn því að félagið PCC BakkiSilicon hf. verði undanþegið almennu tryggingagjaldi.
 - Samkvæmt lögum skal 0,13% af gjaldstofni tryggingagjalds renna til starfsendurhæfingarsjóða, sem starfræktir eru á grundvelli laga um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða. Ekki er ásættanlegt að undanþiggja félagið greiðslum í starfsendurhæfingarsjóð auk þess sem slík undanþága kann að hafa ákveðna réttinda óvissu í för með sér fyrir þá starfsmenn félagsins sem mögulega þurfa á aðstoð starfsendurhæfingarsjóðs að halda.
 - Samkvæmt lögum skal 0,325% af gjaldstofni tryggingagjalds renna til jöfnunar og lækkunar á örorkubyrði lífeyrissjóða. ASÍ getur ekki fallist að greiðslur til lækkunar og jöfnunar örorkubyrðis sé skiptimynt í fjárfestingarsamningum. Hafa verður í huga að eftir því sem minna rennur til jöfnunar- og lækkunar örorkubyrðis lífeyrissjóða því lægri verða ellilífeyrisgreiðslur sjóðanna.
 - Samkvæmt lögum skal Fæðingarorlofssjóður fá til sín 1,28% gjaldstofni tryggingagjalds. Sjóðurinn hefur átt í miklum fjárhagserfiðleikum á liðnum árum og ítrekað hefur þurft að grípa til harkalegra skerðinga á réttinum. Það er því ekki hægt að fallast á að félagið verði undanþegið greiðslum í sjóðinn.
 - Það að undanþiggja félagið almennu tryggingargjaldi skekkir samkeppnisstöðu fyrirtækja á svæðinu og hefur líklega þau áhrif að félagið mun frekar annast sjálft þau störf sem vinna þarf á vegum þess frekar en að kaupa þau frá fyrirtækjum á staðnum. Slíkt getur komið í veg fyrir að fyrirtæki á staðnum eflist við komu félagsins.

F.h. Alþýðusambands Íslands

Ólafur Darri Andrason
hagfræðingur ASÍ